



Árnesi, 23.5.2024

Fundanúmer í WorkPoint : F202406-0027

## 7. Framkvæmdanefnd

<b>Fundartími:</b>	<b>8:30 – 10:00</b>
<b>Boðaðir:</b>	Gunnar Örn Marteinnsson; EXT Lilja Loftsdóttir
<b>Fundarstjóri:</b>	Haraldur Þór Jónsson
<b>Ritari:</b>	Haraldur Þór Jónsson
<b>Starfsmenn:</b>	Vilborg Ástráðsdóttir

### 1. Breytingar á húsnæði Þjósárskóla sem hefjast 3. júní

Allar breytingar sem framkvæma á í Þjósárskóla hafa verið staðfestar af starfsfólki Þjósárskóla og búið er að panta ný húsgögn í skólann, borð, stóla, hillur o.s.frv. í samræmi við óskir kennara. Teikningar fyrir breytingunum eru tilbúnar og búið er að staðfesta að framkvæmdir hefjist 3. júní þegar starfsfólk Þjósárskóla er farið í námsferð erlendis. Áætlun miðast við að allar framkvæmdir verði búnar tímanlega áður en skóli hefst aftur í ágúst.

### 2. Teikningar af íþróttamiðstöð eru tilbúnar – yfirferð til samþykktar

Lagðar fram teikningar af íþróttamiðstöðinni í samræmi við þarfagreiningu sem búin er að eiga sér stað. Farið yfir teikningarnar og forsendur allra rýma sem eru hugsaðar í húsinu. Þrátt fyrir að hönnun á ytra byrði sé tilbúin, eru ýmis smáatriði ófrágengin. Einnig á eftir að vinna frekar í skilgreiningu á fjölmörgum svæðum í innra skipulagi húsnæðisins.

### 3. Verknámshús / Fablab

Umræða um verknámshús og fablab og hversu stórt slíkt húsnæði þurfi að vera. Einnig rætt um möguleika sem fylgja því að nýta hluta af félagsheimili undir hluta af starfsseminni enda þegar skrifstofurými í íþróttamiðstöðinni verður tilbúið mun losna um núverandi skrifstofur sveitarfélagsins ásamt því að búningsklefar í kjallara félagsheimilis verða ekki lengur í notkun eftir að íþróttahúsið verður tekið í notkun. Vinna þarf þarfagreiningu áfram.

### 4. Tímalínan framundan

Farið yfir tímalínu næstu vikna, fyrirhugaðan íbúafund ásamt því hversu mikil vinna sé eftir til að teikningar af íþróttamiðstöð verði tilbúnar að fullu.

### Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.15.

*Deir fulltrúar sem voru á fundinum staðfesta fundargerðina með rafrænni undirritun. Rafræn undirritun eftirfarandi fulltrúa í stjórn staðfestir að viðkomandi var ekki á fundinum en hefur kynnt sér fundargerðina:*